

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Hornafirði.

*Nýtt verslunar- og þjónustusvæði á Höfn, deiliskipulag.*

Bæjarráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti á fundi sínum 2. júlí 2024 deiliskipulag nýs verslunar- og þjónustusvæðis á Höfn í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Markmið með deiliskipulaginu er að móta nýtt svæði fyrir stærri verslanir og aðra rýmisfreka verslunar- og þjónustustarfsemi á Höfn. Íbúafjölgun og vaxandi fjöldi ferðamanna hefur skapað forsendur fyrir meiri verslun og þjónustu. Gert er ráð fyrir þremur lóðum undir verslunar- og þjónustustarfsemi á skipulagssvæðinu.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og hlýtur þegar gildi.

*Sveitarfélaginu Hornafirði, 30. ágúst 2024.*

**Brynja Dögg Ingólfssdóttir**, umhverfis- og skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 2. september 2024